

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Hornafjarðar Urðunarstaður á Mel í landi Fjarðar



Dags eftirlits	20.4.2015	Fulltrúi UST	Helga Hreinsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Hornafjarðar	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarbraut 27	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	590169-4639	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Bjarni Óskarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Ellert Tómasson	Staðsetning	692965,529 428910,162

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík varðandi færslu á grænu bókhaldi var staðfest og athugasemd gerð um að þekja enn betur efni sem getur auðveldlega fokið og tína reglulega upp létt efni sem safnast í skorninga.

Frá því að eftirlit fór fram hefur grænu bókhaldi verið skilað og ekki þarf að koma til frekari afskipta vegna þess.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitsferðinni 20.4.2015 var gengið um urðunarstaðinn í fylgd Guðjóns Bjarna. Urðunarreinar voru skoðaðar og frágangur við hreinsivirki, sem nú eru að fullu frágengið. Girðing um svæðið var skoðuð, en hún hefur nýlega verið lagfærð og er nú vel fjárheld. Nokkuð var um fokefni í skorningum innan svæðisins en ekki utan girðingar. Í eftirlitsferðinni voru tekin sýni skv. ákvæðum í gr. 5.2. í starfsleyfi og sýnatökuaðstaða skoðuð.

Eftir skoðunarferð var fundað með Tómasi Ellert. Farið var yfir starfsleyfi og rætt um framkvæmd urðunar og verklag sem og kröfur um skráningar.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
grein 5.5 í starfsleyfi um færslu græns bókhalds	Í grein 5.5 í starfsleyfi er ákvæði um að færa skuli grænt bókhald og einnig að að skila skuli upplýsingum um losun mengandi efna í samræmi við ákvæði reglugerðar 990/2008. Hvorugt hefur verið gert.

Grænu bókhaldi hefur nú verið skilað.

ATHUGASEMDIR

Enn er vandamál við losun úrgangs þar sem vindstrengir myndast í urðunarrein fyrir heimilisúrgang og blandaðan úrgang. Vegna þessa var nokkuð af fokefni í lægðum á svæðinu, en ekki voru ummerki um fokefni utan girðingar. Reynt er að stilla losun í urðunarreinina saman við vindafar og unnið er að hugmyndum um böggun úrgangsins til að vinna gegn þessum vanda. Þangað til lausn finnst er mikilvægt að þekja enn betur en nú er laust fokefni í urðunarreininni og tína reglulega upp efni sem berst um svæðið.

ANNAÐ

Neyðaráætlun skv. gr. 1.7 í starfsleyfi liggur fyrir, dags. móttöku 6.2.2014

Viðbragðsáætlun skv. gr. 2.4 í starfsleyfi, þ.e. áhættumat vegna bráðamengunar var lagt fram í október 2011

Upplýsingar um magn úrgangs til urðunar árið 2014 hafa verið sendar með tölvupósti dags. 28.4.2015 Rennslismælingar, þ.e. magn sigvatns er mælt mánaðarlega af starfsmönnum áhaldahúss Hornafjarðar og skráningum haldið til haga

Í gr. 1.10 er kveðið á um að rekstaraðili boði til samráðsfundar á fjögurra ára fresti. Næsti fundur ætti að vera árið 2016

Reykjavík, 22.06.2015

Helga Hreinsdóttir

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki

geta talist frávik.